

HELSTU EFNISATRÍÐI

úrskurðir óbyggðanefndar í fimm málum á suðurhluta vestanverðs Norðurlands
(„svæði 7 suður“ hjá óbyggðanefnd)

1. Óbyggðanefnd skipa (þrír nefndarmenn í hverju máli):

Kristján Torfason formaður í máli nr. 4/2008
Karl Axelsson hrl. formaður í málum nr. 1–3 og 5/2008
Allan Vagn Magnússon héraðsdómari
Benedikt Bogason dómstjóri
Sif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri
Hulda Árnadóttir hdl.

2. Niðurstöður í örstuttu máli (í öllum fimm málum sameiginlega)

Alls var deilt um 29 landsvæði á svæði 7 suður. Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að 13 þeirra eru þjóðlendur að öllu leyti, sjö þjóðlendur að hluta og eignarlönd að hluta og níu eignarlönd að öllu leyti.

Mál nr. 1/2008, Eyjafjarðarsveit austan Eyjafjarðarar ásamt vestanverðum Bleiksmýrardal

Málið skiptist í átta ágreiningssvæði. Niðurstaða óbyggðanefndar er að fimm þeirra eru þjóðlendur og þrjú eru eignarlönd. Fjórar þjóðlendnanna eru jafnframt afréttir að hluta eða heild.

- Eftirtalin landsvæði eru eignarlönd:
 - Núpufellsdalur
 - Þormóðsstaðadalur
 - Tjarnir
- Landsvæði sem nefnt er „Almenningur í Öngulstaðahreppi“ er þjóðlenda.
- Æsustaðatungur eru þjóðlenda og afréttur.
- Eftirtalin landsvæði eru þjóðlendur og að hluta til afréttir:
 - Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár.
 - Landsvæði sunnan Eyjafjarðardala (Möðruvallaafréttur að hluta).
 - Hólaafréttur með Jórunnarstaðatungum.

Mál nr. 2/2007, Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarar

Málið skiptist í átta ágreiningssvæði. Niðurstaða óbyggðanefndar er að fjögur þeirra eru þjóðlendur að öllu leyti, tvö eignarlönd að öllu leyti og tvö þjóðlendur að hluta og eignarlönd að hluta. Þjóðlendurnar eru jafnframt afréttir.

- Ágreiningssvæði íslenska ríkisins og eigenda Strjúgsár og Ytri-Villingadals eru eignarlönd.
- Hvassafellsdalur, afréttarsvæði Stóradals og Saurbæjar, Leyningsdalur og Arnarstaðatungur eru þjóðlendur og afréttir.
- Hlutar af þeim landsvæðum sem eignendur Syðri-Villingadals, annars vegar, og Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár, hins vegar, gerðu tilkall til sem eignarlands eru þjóðlendur og afréttir.

Mál nr. 3/2007, Hörgárbyggð austan Öxnadalsár.

Málið skiptist í þrjú ágreiningssvæði. Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að þau séu öll að hluta til eignarlönd og að hluta til þjóðlendur. Þjóðlendurnar eru jafnframt afréttir. Landsvæðin sem um ræðir eru:

- Vaskárdalur
- Almennigur
- Ágreiningssvæði íslenska ríkisins og eigenda Bakkasels.

Mál nr. 4/2007, Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár.

Málið skiptist í níu ágreiningssvæði. Niðurstaða óbyggðanefndar er að þrjú þeirra eru þjóðlendur að öllu leyti og fjögur eignarlönd að öllu leyti. Tvö eru þjóðlendur að hluta og eignarlönd að hluta. Þjóðlendurnar – utan ein – eru jafnframt afréttir.

- Ágreiningssvæði íslenska ríkisins og eigenda Egilsár, Flatatungu, Merkigils og Ábæjar eru eignarlönd.
- Sá hluti Silfrastaðaafréttar sem til umfjöllunar var í málinu er þjóðlenda og afréttur.
- Hofsafréttur, ásamt Lambatungum, er þjóðlenda og afréttur.
- Ágreiningssvæði íslenska ríkisins og eigenda Þorljótsstaðarunu er eignarland að mestu, en að litlum hluta þjóðlenda sem jafnframt er afréttur.
- Ágreiningssvæði íslenska ríkisins og eigenda Nýjabæjar er eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta. Hluti þjóðlendunnar er jafnframt afréttur.

Mál nr. 5/2007, Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár ásamt Hofsjökli.

Í málinu komu var aðeins eitt landsvæði sem ágreiningur var um en engar gagnkröfur bárust vegna þjóðlendukröfna ríkisins til Hofsjökuls. Bæði eru þjóðlendur og hluti annars þeirra er jafnframt afréttur.

- Eyvindarstaðaheiði er þjóðlenda og sömuleiðis landsvæði það sem nefnt er Hraunin og liggur þar austur af. Eyvindarstaðaheiði er jafnframt afréttur en Hraunin ekki.
- Hofsjökull er þjóðlenda.

3. Birting úrskurða og korta á heimasíðu

Úrskurðir óbyggðanefndar, ásamt skýringarkorti, eru birtir á heimasíðu óbyggðanefndar (obyggðanefnd.is), strax að lokinni uppkvaðningu úrskurða.

4. Framhald mála á syðri hluta vestanverðs Norðurlands (svæði 7 suður)

Sá sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði er birtur í. Er þá unnt að leggja til úrlausnar dómstóla hverja þá kröfu sem gerð hefur verið fyrir nefndinni.

5. Næstu mál hjá óbyggðanefnd

Óbyggðanefnd hefur nú til meðferðar mál er varða landsvæði á Tröllaskaga (svæði 7 norður), en fjármálaráðherra hefur þegar lýst þjóðlendukröfum íslenska ríkisins þar. Berist óbyggðanefnd gagnkröfur vegna þeirra er aðalmeðferð málanna fyrirhuguð í haust.

6. Örstutt um málsmeðferð hjá óbyggðanefnd

Málsmeðferð hefst með því að fjármálaráðherra er tilkynnt að óbyggðanefnd hafi ákveðið að taka tiltekið landsvæði til meðferðar og honum veittur frestur til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur á svæðinu. Þegar kröfur fjármálaráðherra liggja fyrir gefur óbyggðanefnd út tilkynningu og skorar á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til, að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni innan tiltekins frests. Að lokinni opinberri kynningu á öllum þeim kröfum sem borist hafa á viðkomandi svæði er svæðinu skipt í mál og boðað til fyrstu fyrirtöku. Málið er síðan tekið fyrir eins oft og þörf er á, frekari gögn lögð

fram og leitast við að skýra það að öðru leyti. Loks fer fram aðalmeðferð. Fyrirkomulag aðalmeðferðar hjá óbyggðanefnd er almennt með þeim hætti að farið á vettvang undir leiðsögn heimamanna. Að vettvangsferð lokinni eru teknar skýrslur af aðilum og vitnum og loks er málið flutt munnlega. Að lokinni aðalmeðferð er málið tekið til úrskurðar og úrskurður kveðinn upp þegar óbyggðanefnd hefur lokið rannsókn á fyrirbyggjandi gögnum.